


Deiliskipulag borteiga í sunnanverðu Kapelluhrauni



DEILISKIPULAG 1:3.000 m.v. blaðstærð A1 - í yfirlengd

Greinargerð
Deiliskipulag þetta er unnið fyrir Carbfix hf. Markmið deiliskipulagstíllögunar er að setja fram skipulagsskilmála sem heimila niðurdælingu CO₂ á fjórum löndarsvæðisreitum í syðri hluta Kapelluhrauns og Selhrauns. Deiliskipulag er unnið og auglýst samhlöða aðalskipulagsbreytingu og umhverfismati vegna Coda Terminal og deiliskipulagsbreytingum í 2. og 3. áfangi Helnahrauns. Í greinargerð með aðalskipulagi er að finna ítarlega umföllun um forsendur, aðdraganda, umhverfi og staðhætti, forminjar, tengsi við aðrar ætlanir, Coda terminal, carbfix tækni og fleira.

Skipulagsgögn eru:
– Deiliskipulagsuppráttur þessi
– Coda Terminal Umhverfismatskýrsla áætlaða Einnig: Coda Terminal. Breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 Greinargerð.

Formleifaskráning fyrir svæðið var gefin út árið 2021; Á Hraunjarðir sunnan Reykjanesbrautar. Þekktar forminjar eru merktar á upprátt með punktmerkingum og línun. Engar fríðýstir minjar eru innan skipulagssvæðisins. Hluti Hrauntungustígs nær inn á skipulagssvæðið næst efnistípp sem þegar hefur rasakað stígunum. Ef forminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmdir verður framkvæmd stöðvuð tafarlaust og fundurinn tilkynntur til Minjastofnunar Íslands sem ákveður hvort verki megi halda fram og með hvaða skilmálum, skv. 24. gr. laga nr. 80/2012.

Afmörkun og eignarhald. Deiliskipulag þetta tekur til um 22ha störs svæðis í syðri hluta Kapelluhrauns og Selhrauns sem merkt er með rauðri brotalínu á upprætti. Afmörkunin ræðst að staðsetningum sem valdar hafa verið fyrir borteiga í tengslum við umhverfismat framkvæmdarinnar en einnig legu forminja, vegslóða, efnistíppa og aksturssvæðis. Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu í dag en á austurmörkum er samþykkt deiliskipulag sem ber heitið Svæði akstursþróttafélags Hafnarfjarðar við Krysvíkuvægi. Landið er í eigu Ríkissjóðs Íslands en í umsjá Lands- og Skógar (áður Skógræktarinnar), Landúmrer er 1122110, skráð stærð 1963,9 ha, með stærð 1964,2 ha. Nýju löðirnar fjórar verða teknar úr stóru landareigninni.


Sérskilmálar
Á hverri löð er heimilt að hafa borteig með öllu því sem til þarf til niðurdælingar CO₂ í jarðlög. Á borteigum verður CO₂ leyst í vatni og dælt niður í berglöginn þar sem það steingerist. Á hverjum borteigi verða allt að 8 niðurdælingarholur ásamt 2-4 vatnstökuholum. Vanda skal hönnun bygginga á löðinni og fella þær vel að landi. Heimilt er að byggja stjórn- og þjónustubyggingu, áætluð stærð um 150m² og veðurskiyli yfir hverja borholu, áætluð stærð hvers skýlis er um 40m². Samanlagt hámarksbyggingarmagn á löðinni er 600 m² og nýtingarhlutfalli reiknast 0,09. Á þjónustubyggingu er heimilt að hafa upplýsingaskilti um starfsemi og gönguleiðir á svæðinu, dvalarsvæði, drykkjarfont og setbekk.

Á löðinni er bílastæði með allt að 10 stæðum fyrir þjónustubíla og gesti. Eftir að borun er lokið og niðurdæling er hafin verður starfsemi á hverjum borteigi fölginn í efnistípi og viðhaldi og ekki er um stöðuga viðveru starfsfólks að ræða. Koma skal í veg fyrir allt óþarfa risk innan og utan löðar. Vanda skal allan löðarfrágang og taka frá efsta jarðvegslag til geymslu áður en borun fer fram eftir því sem unnt er. Að loknum framkvæmdum skal ganga frá löð á snyrtilegan hátt þannig að hafi umhverfinu og staðargróðri. Gangi skal frá göngustíg / göngusvæði við byggingar og í gegnum löð þar sem það á við og skal hjólastólaöðgengi frá bílastæði að þjónustubyggingu tryggð. Óheimilt er að girða löðina af. Heimilt er að lýsa byggingar og löð upp á látausan hátt með mildri lýsingu. Gróður á löð skal taka mið af ástandi löðar fyrir framkvæmdir og hafa næsta nágrenni löðar. Lagnir að borteigi eru neðanjarðar. Lagnir innan teigs skulu vera sem mest neðanjarðar og skal ganga vel og snyrtilega frá öllum lögnum þannig að fyllsta öryggis sé gætt.


Á framkvæmdartíma skal svarf eða annað setefni frá borframkvæmdum felt úr frásrennissvatni áður en það er leitt í jörðu. Þar sem unnið er með olíu eða önnur spillifni á borplani skal vera olíuheldur dükur með afrennsli í olíuskiðu. Ekki er gert ráð fyrir olíubirgðum á svæðinu nema þá tímabundið sem þá munu verða á vökvaheldu undirlagi. Þar sem líkur eru á að olía berist í fráveitu skal leiða í gegnum olíuskiðu. Olíuskiðan og frágangur hennar skal uppfylla kröfur um reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Umhverfisskýrsla
Sameiginleg umhverfisskýrsla fyrir deiliskipulag þetta, aðalskipulagsbreytingu og aðrar deiliskipulagsbreytingar sem tengjast starfsemi Carbfix er gefin út sérstaklega; Coda terminal Umhverfismatskýrsla áætlaða.

Hafnarfjarðarbær



HLUTI AÐALSKIPULAGS Hafnarfjarðar 2013-2025 (breyting í auglýsingu samhlöða deiliskipulagi þessu)



Loftmynd með afmörkun deiliskipulags

SKÝRINGAR

- mörk deiliskipulags
- borteigalöð - stærð
- byggingarreitur
- númer borteigs (til aðgreiningar)
- núverandi byggingar
- hæðarlínur
- núv. vegir og slóðar
- nýir vegarslóðar
- Efnistökusvæði á aðalskipulagi
- Bílastæði innan löðar allt að 10 talsins.
- Kjarr, skógur, gróð svæði. Afmörkun ónákvæm.
- Lagnaleið - leiðbeinandi staðsetning
- Lagnaleið - utan deiliskipulags skýring
- helgunarsvæði ólagðra rafstrengja á aðalskipulagi
- forminjar
- forminjar, punkt-staðsetning
- hverfisvernd

SAMPYKKTIR

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum var samþykkt í skipulags- og byggingarráði þann _____ og í bæjarráði Hafnarfjarðar þann _____

Lýsingin var auglýst frá _____

með athugasemdafresti til _____

Tillagan var auglýst frá _____

með athugasemdafresti til _____

f.h. Hafnarfjarðar _____

Auglýsing um gildistöku skipulagsins var birt í B-dæld Stjórnartíðinda þann _____



Deiliskipulag borteiga í sunnanverðu Kapelluhrauni
Hafnarfríði

VERK:	BLAÐSTÆRÐ:	UNNIÐ:	RYNT:
101903	A1-yfirlengd	ST	SM

MELKVARDI:	DAGS:	DAGS BREYTI:
1:3000	06.06.2024	---

SAMPYKKT: